

Nd.

## 324. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Síðasta málsgr. 49. gr. laganna falli burt.

2. gr.

2. málsgr. 62. gr. laganna orðist svo:

Sjóðfélagar í sérstökum eftirlauna- og lífeyrissjóðum, sem veita eigi minni réttindi en Lífeyrissjóður Íslands veitir, skulu undanþegnir iðgjaldagreiðslum til Lífeyrissjóðs Íslands. Ef sjóðfélagi missir félagsréttindi sín, ábyrgist viðkomandi eftirlaunasjóður eða lífeyrissjóður fulla greiðslu til Lífeyrissjóðs Íslands á fjárhæð þeirri með vöxtum og vaxtavöxtum, er þeim manni hefði borið að greiða til Lífeyrissjóðs Íslands, ef hann hefði ekki notið þessarar undanþágu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Embættismenn ríkisins og starfsmenn tveggja bankanna, Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f, hafa elli- og örorkutryggingu hjá sérstökum eftirlauna- og lífeyrissjóðum, og samkvæmt alþýðutryggingalögunum eru þeir undanþegnir tryggingarskyldu hjá Lífeyrissjóði Íslands. En hér á landi eru fleiri stofnanir, sem hafa stofnað eftirlaunasjóði fyrir starfsfólk sitt, og á það þá vitanlega einnig að njóta undanþágu frá gjaldskyldu til hins almenna lífeyrissjóðs. Er frv. þetta flutt til þess að afnema þann misrétt, sem nú ríkir í þessu efni.